

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Borg.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Stykkishólms, í fjarveru bæjarstjórnar vegna sumarleyfa, samþykkti á 12. fundi sínum, 20. júní 2023, að grenndarkynna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Borg í Stykkishólmi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022. Deiliskipulagsbreytingin felst í færslu á byggingarreit fyrir bílskúr við Skúlagötu 23. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 2007 er bílskúrsreiturinn staðsettur norðan megin við íbúðarhúsið en færist nú suður fyrir húsið.

Grenndarkynning fór fram 29. ágúst 2023 til 26. september 2023 í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 25. október 2023.

Kristín Þorleifsdóttir skipulagsfulltrúi.